# 16 DAGA átak gegn kynbundnu ofbeldi

25 NÓVEMBER - 10 DESEMBER

## Viðburðadagatal 2015

| | |
|---|---|
| **miðvikudagur** | *Í Fréttablaðinu í dag birtist fyrsta grein af sextán í fjölbreyttri umfjöllun ýmissa aðila um 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi. Greinarnar munu birtast annaðhvort í Fréttablaðinu eða á www.visir.is – munið að fylgjast með!* |
| **25. nóvember**<br><br>*Alþjóðadagur gegn ofbeldi gegn konum* | **Reykjavík**<br>• 08.30 **Jafnréttisþing 2015** – Jafnrétti á opinberum vettvangi. Félags- og húsnæðismálaráðherra og Jafnréttisráð bjóða til Jafnréttisþings í samræmi við lög nr. 10/2008, um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Markmið þingsins er að varpa ljósi á ólíka stöðu kvenna og karla í fjölmiðlum og kvikmyndum annars vegar og hins vegar að fjalla um umfang og eðli kynbundinnar hatursorðræðu. Jafnréttisþingið er haldið á Hilton Reykjavík Nordica. Skráning fer fram á: http://asp.artegis.com/jafnretti<br>• 19.00 **Ljósaganga UN Women** frá Arnarhóli eftir Lækjargötu, upp Amtmannsstíginn og endað við Bríetartorg. Yfirskrift göngunnar er "Heyrum raddir allra kvenna" og mun Freyja Haraldsdóttir, talskona Tabú, leiða gönguna og flytja hugvekju. Hægt verður að kaupa kerti á 500 krónur.<br><br>**Akureyri**<br>• 17.00 **Ljósaganga** frá Akureyrarkirkju niður á Ráðhústorg. Á ráðhústorgi tekur göngufólk höndum saman, hugleiðir og syngur í nafni friðar.<br>• 17.30 Kvikmyndin **Girl rising** sýnd í Sambíóinu. Myndin sýnir hvernig menntun getur rofið vítahring ofbeldis og fátæktar. Zontakonur bjóða í bíó en tekið er við frjálsum framlögum til styrktar Aflinu. |
| **fimmtudagur** | |
| **26. nóvember** | **Reykjavík**<br>• 08.30 **Morgunverðarfundur á Stígamótum:** Hinsegin fólk á Stígamótum. Sigríður Birna Valsdóttir leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur og ráðgjafi hjá Samtökunum ´78 ræðir "Hinseginmeðvitund í ráðgjafarstarfi". Frá Trans Ísland kemur Ugla Stefanía Jónsdóttir. https://www.facebook.com/events/140855146275509/ |
| **föstudagur** | |
| **27. nóvember** | **Reykjavík**<br>• **Afhending viðurkenninga Stígamóta 2015** Á hverju ári síðan árið 2008 hafa Stígamót veitt viðurkenningar fyrir vel unnin störf í þágu málaflokksins. Má nefna réttlætisviðurkenningar, hugrekkisviðurkenningar, jafnréttisviðurkenningar, samstöðuviðurkenningar og viðurkenningar til kvenna sem hafa ögrað ríkjandi gildum. |

## Viðburðadagatal 2015

| | |
|---|---|
| **laugardagur** | |
| **28. nóvember** | |
| **sunnudagur** | |
| **29. nóvember** | |
| **mánudagur** | |
| **30. nóvember** | |
| **þriðjudagur** | |
| **1. desember** | |
| **miðvikudagur** | |
| **2. desember** | **Reykjavík**<br>• 08.15 **Morgunverðarfundur Kvennaathvarfsins** um ofbeldi í ókunnu landi; **Heimilisofbeldi gegn konum af erlendum uppruna.** Fundurinn verður haldinn á Hallveigarstöðum, Túngötu 14. |
| **fimmtudagur** | |
| **3. desember** | |
| **föstudagur** | |
| **4. desember** | **Akureyri**<br>• 11.45 **Málþing Jafnréttisstofu, Aflsins og Heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri** um aðgerðir gegn ofbeldi í nánum samböndum, heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á landsbyggðunum. Málþingið er haldið að Borgum við Norðurslóð á Akureyri og er öllum opið. Þáttöku skal tilkynna á netfangið arnfridur@jafnretti.is<br>• 17.00 – 20.00 Opið hús hjá **Aflinu, samtökum gegn kynferðis- og heimilisofbeldi.** Brekkugötu 34 – boðið upp á súpu, brauð og kynningu á starfi Aflsins. |
| **laugardagur** | |
| **5. desember** | **Akureyri**<br>• 13.00 **Bréfamaraþon** á vegum **Amnesty International** á Eymundsson. |
| **sunnudagur** | |
| **6. desember** | |
| **mánudagur** | |
| **7. desember** | |
| **þriðjudagur** | |

# Viðburðadagatal 2015

| | |
|---|---|
| **8. desember** | |
| **miðvikudagur** | |
| **9. desember** | **Reykjavík**<br>• 12.00 **Málþing Mannréttindaskrifstofu Íslands og Jafnréttisstofu** um Istanbúlsamninginn. Málþingið verður haldið á Hallveigarstöðum. |
| **fimmtudagur** | |
| **10. desember**<br><br>*Alþjóða mannréttindadagurinn* | **Reykjavík**<br>• 08.30 **Málþing UNICEF og UN Women** um menntun stúlkna í Afganistan. Málþingið verður haldið á Radisson Blu Hótel Saga. Rætt verður um hindranir sem afganskar stúlkur stada frammi fyrir á vegi sínum til menntunar og persónulega reynslu þriggja kvenna af stöðu kvenna í Afganistan. Fyrirlesarar verða þær Guissou Jahangiri, framkvæmdastjóri Armanshahr/OpenAsia stofnunarinnar (www.openasia.org), Razia Stanikzai, sem starfar hjá afganska menntamálaráðuneytinu og hefur unnið fyrir UNICEF og frjáls félagasamtök í Afganistan, og Fatima Khurasani, fyrrum nemandi í Jafnréttiskóla Sþ. Málþingið er í boði forsætis-, utanríkis- og velferðarráðuneytisins.<br>• 08.30 **Morgunverðarfundur á Stígamótum:** Karlar á Stígamótum. Hallgrímur Helgason flytur erindi og les úr nýrri bók sinni Sjóveikur í Munchen.<br><br>**Akureyri**<br>• 17.00 **Samverustund á Amtsbókasafninu.** Sagt frá komu flóttaólks til Akureyrar. Friðarkaffi, kakó, söngur og ljóðalestur. |